

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. Y-14/2005

E gegn tollstjóranum í Reykjavík.

Krafist var ógildingar aðfarargerðar gagnvart E sem var gerð til tryggingar greiðslu gjalda fyrrverandi eiginmanns hennar. Málið snérist um upphaf fyrningarfrests gagnvart fyrrverandi maka gjaldanda.

Deiluefni og málavextir

Deilt var um hvenær fyrningarfrestur vegna ábyrgðar samsköttunaraðila hæfist. M og E gengu í hjónaband í júní 1999. Sambúðarslit urðu 12.11.2000. Upphaf skilnaðarmáls hjá sýslumanni hófst 12.02.2001, leyfi til skilnaðar að borðs og sæng var gefið út 5.04.2001 og lögskilnaðarleyfi var gefið út 8.05.2002. M og E töldu sameiginlega fram fyrir álagningarárið 2000 og skiluðu inn undirrituðu framtali 15. júní 2001.

Sjónarmið gerðarþola (E)

E hélt því fram að miða ætti fyrningarfrest við sambúðarslit aðila enda hafi þá fjárfélagi þeirra verið slitið. Ef ekki væri fallist á það ætti að miða við það tímamark sem skilnaðarmál þeirra var fyrst tekið til umfjöllunar hjá sýslumanni og til þrautavara við útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

Ennfremur var byggt á því krafan hefði glatast fyrir tómlæti þar sem henni hefði ekki verið haldið fram fyrir en með greiðsluáskorun 8.júlí 2005.

Einnig byggði E á því að hún geti ekki borið ábyrgð á skattkröfum fyrrverandi eiginmanns síns lengur en sambúðartímabil og fjárfélag þeirra hafi varað. Og þá ekki lengur en í 4 ár frá lokum þess. Byggt var á að E og M hefðu ekki verið samvistum þegar greiðsluskylda hans myndaðist. Skattalöggjöfin tæki ekki á því hvernig ætti að fara með samsköttun í þeim tilvikum og því gæti hún ekki borið ábyrgð á skattgreiðslum með hliðsjón meginreglu um sjálfstæða skattaðild hjóna.

Sjónarmið innheimtumanns ríkissjóðs

Innheimtumaður byggð á því að krafan væri ekki fyrnd þar sem álagning vegna ársins 2000 hafi fyrst orðið til við álagningu skatta í júlí 2001. Fyrningarfrestur geti ekki byrjað að líða áður en að krafan varð til og gjaldkræf. E og M hafi talið sameiginlega til skatts og hafi undirritað framtal á sama degi. Þeim hefði verið kostur að nota heimild til að telja fram sameiginlega fyrir þann hluta ársins sem þau voru í sambúð og sérstaklega fram fyrir þann tíma sem þau voru ekki samvistum. Þau hafi ekki gert það heldur undirritað framtalið án nokkurs fyrirvara um skilnað eða slita á fjárfélagi.

Niðurstaða héraðsdóms

Úrskurður héraðsdóms byggðist á 1. mgr. 5. gr. fyrningarlaga. Upphaf fyrningarfrests bæri að miða við þann dag sem krafa er gjaldkræf. Krafan hafi orðið gjaldkræf þann 1. ágúst 2001 og bæri að miða við þann dag. Ekki var tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem E lagði fram um að upphaf fyrningarfrest ætti að miða við ákveðna tímamark við hjónaskilnað.